

Ed.

272. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóvember 1915, um kosningar til Alþingis.

(Eftir 3. nmr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir fyrri málsg. 7. gr. laga nr. 28, 3. nóv. 1915, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sýslunefnd er heimilt, þegar ástæður eru fyrir hendi, svo sem mikill kjósendafjöldi, víðátta, torfærur á leið til kjörstaðar og því líkt, að skifta hreppi í þrjár kjördeildir. Skal þá hreppsnefnd ákveða kjörstaði og undirkjörstjórn skipuð fyrir hverja kjördeild. Er hreppstjóri oddviti einnar, hreppsnefndaroddviti ann- arar og varahreppsnefndaroddviti hinnar þriðju, eftir ákvörðun hreppsnefndar, og auk þeirra eiga þar sæti tveir menn af öðrum kjósendum í hverri kjördeild, er hreppsnefnd kys. Nú er hreppstjóri jafnframt hreppsnefndaroddviti, og kys þá hreppsnefnd einnig kjörstjórnaroddvita í eina kjördeildina. Í forföllum hinna lög- ákveðnu kjördeildaoddvita, kys hreppsnefnd aðra í þeirra stað.

2. gr.

Í stað orðanna »bæjarstjórn skift kaupstað« í öðrum málslíð 9. gr. lag- anna komi: kaupstað eða hreppi verið skift.

3. gr.

Í stað orðanna »hinn fyrsti vetrardagur« í 23. gr. komi: laugardagurinn í 12. viku sumars.

4. gr.

Í stað orðanna »er gert geta seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum« í 36. gr. komi: er ætla má, að gert sje til þess að gera seðilinn þekkjanlegan.

Aftan við sömu gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ógildur er seðill í tvímenningskjördæmi, ef aðeins einn er kosinn.

5. gr.

Í stað orðanna »3 klukkustundir« í fyrri málsgrein 38. gr. komi: 5 klukkustundir.

6. gr.

Breytingar þær, sem með lögum þessum eru gerðar á kosningalögnum, skal færa inn í texta laga nr. 28, 3. nóv. 1915, og síðan gefa lögin þannig breytt út í einu lagi.